

# KYNLEGA klippt og skrjóð

Kennsluleiðbeiningar með þemahefti  
um kynjamál fyrir 10. bekk grunnskóla

Ásdís Olsen og Lilja M. Jónsdóttir

## Kynlega klippt og skorið

Kennsluleiðbeiningar með þemahefti um jafnrétti  
fyrir 10. bekk grunnskóla

© Ásdís Olsen og Lilja M. Jónsdóttir

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2001

Námsgagnastofnun

Reykjavík

Vefútgáfa

Efnið er gert með tilstyrk og fjárstuðningi Íslandsbanka-FBA, Hans Petersens, Sjóvá-Almennra og Samtaka atvinnulífsins í kjölfar ráðstefnunnar „Konur og lýðræði“ sem haldin var í Reykjavík í september 1999.

# EFNISYFIRLIT

I.	Inngangur	4
II.	Vinnubrögð og aðferðir	6
III.	Viðfangsefni bókarinnar og verkefni	7
1.	Verkefni í upphafi. „Ég held að kynjaumræðan snúist um ...“	7
2.	Pótti frásögn Rauðhettu tortryggileg. Kynferðislegt ofbeldi	7
3.	Kynjaleikurinn. Saga kvennabaráttunnar	7
4.	Jón Jónsson athafnamaður – minning. Karlhlutverkin og karlmennskan	8
5.	Barbie og Ken – sápuópera. Kynhlutverkin og samfélagskröfurnar	8
6.	Norðurlandamet kvennalandsliða í hringormatíslu. Íþróttir, keppnir og kynjamunur	9
7.	Haraldur Hallsson húsfaðir – minning. Kynhlutverkin brotin upp	9
8.	Tvær ofurhetjur. Karlofurhetja og kvenofurhetja	9
9.	Fleiri ofurhetjur. Hinar raunverulegu ofurhetjur	9
10.	Gunnar á Hlíðarenda. Hetjuskapur eða karlmennska	10
11.	Tungumálið – hvernig tölum við? Maður – kona. Er kona maður?	10
12.	Ævintýrið er ekki úti. Heimilisverkin og kynbundið uppeldi	10
13.	Tilfinningamarkaður Íslands. Gildismatið gæti verið öðrvísi	11
14.	Spegill, spegill. Fegurðarstaðlar og fegurðarsamkeppni	11
15.	Verkefni í lokin. „Núna finnst mér að kynjaumræðan snúist um ...“	11
IV.	Fylgiskjöl	12
1.	Hópverkefni	13
1.1.	Lýsing á verkefni	13
1.2.	Kynleg viðfangsefni – listi yfir hópverkefni	14
1.3.	Eyðublað	15
2.	Íþróttir og félagsstarf – verkefni	16
3.	Að taka viðtöl – leiðarvísir	17
4.	Listi yfir tilfinningar	18
5.	Gátlisti yfir verkefni heimilisins	19–20
6.	Saga kvennabaráttu – listi til fróðleiks	21

## I. INNGANGUR

*Kynlega klippt og skorið* er lýsandi heiti á þessu námsefni um kynjamál. Nemendaheftið er sett upp eins og úrklippusafn með efni sem snertir stöðu og hlutverk kynjanna á einn eða annan hátt. Þannig eru ýmsir sterkir áhrifavaldar í umhverfi okkar skoðaðir með tilliti til kynhlutverka og annarra kynbundinna aðstæðna. Fjöldamenningin er skoðuð á gagnrýninn hátt, einkum þau áhrif sem hún hefur haft á viðhorf okkar í gegnum tíðina. Þannig birtast okkur þekktar ævin-  
týrapersónur eða hetjur Íslendingasagnanna í nýju ljósi. Bent er á að staðlaðar hugmyndir um hlutverk kynjanna leynast allt í kringum okkur, hvort sem litið er á minningargreinar, íþróttakappleiki, barnaleikföng eða fornsögurnar.

Í *Jafnréttishandbókinni\** segir: „Allt frá fyrstu tíð læra börn að athöfnum þeirra eru gefnar kynbundnar merkingar ... Strákar og stelpur læra af reynslunni. Þau eru ekki gömul þegar þau vita til hlítar hvernig stelpa á að vera og hvernig strákur á að vera“ (bls. 9). Vandinn við kynjaumræðuna er einmitt hversu samdauna við erum umhverfi okkar og aðstæðum. Það getur kostað svolítið átak að skoða sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi í nýju ljósi. Að efast um viðtekin gildi og sjálfgefin viðmið. Að við setjum spurningarmerki við allt sem er „rétt“ og „eðlilegt“.

Um leið og þessu nýja ljósi er varpað á samfélag okkar fer ekki hjá því að við komum auga á skekkjur og misrétti sem nauðsynlegt er að viðurkenna og skoða nánar. Vinna með þetta námsefni kallar á gagnrýnisgleraugun. Ætlast er til að nemendurnir komist sjálfir að niðurstöðu með því að rannsaka umhverfi sitt – skoða, kanna, prófa, spyrja ...

Samfélagið sem við búum í hefur verið að mótast öldum saman. Á Vesturlöndum hafa karlmenn lengst af staðið við stjórnvölinn og sett leikreglurnar. Þeir settu lögin, formuðu vísindin, stjórnðu herjum, menntun, listum, fjármagninu o.s.frv. Þeir ákváðu hvað væri rétt og eðlilegt, hvað væri verðmætt, markvert og mikilvægt. Þannig er gildismat okkar til komið, það er grundvallað á karlaveldinu. Þar af leiðandi þykja sum störf **verðmætari** en önnur, sumar íþóttagreinar **markverðari** en aðrar, viðfangsefni **mismikilvæg**, og býsna oft eru það störf og áhugasvið karla sem samfélagið metur meir og betur en svokölluð kvennamál.

Hugtakið „sambætting“ er í lykilhlutverki í alþjóðlegri kynjaumræðu um þessar mundir. Í *Jafnréttishandbókinni* segir m.a. í því sambandi: „Jafnrétti kynjanna felst í því að viðurkenna þann mun sem er á körlum og konum ... að flétta sjónarhorn kynferðis inn í alla stefnumótun samfélagsins, endurskilgreina hefðbundin hlutverk kynjanna ...“ (bls. 62).

Í þessu námsefni reynum við að hrista af okkur hefðbundinn hugsunarhátt. Við skoðum umhverfi okkar uppá nýtt. Við spyrjum spurninga eins og: Er það merkilegra að eiga sæti í stjórn Eimskips en að starfa í foreldrafélagi í grunnskóla? Er valdamikið fólk merkilegra en valdalaust fólk? Eru peningar mikilvægari en manngildi? Er rétt að borga fólki vel fyrir að meðhöndla peninga en illa fyrir að meðhöndla börn? Er þessi samfélagsskipan kannski eins og best verður á kosið? Ef til vill er það svo, en til þess að geta metið það verðum við að sjá það réttum augum og átta okkur á því hvernig við höfum mótast af því.

„Hlutverk skólans í jafnréttisfræðslu barna snýst um að vinna gegn stöðluðum kynímyndum ... “ (Jafnréttishandbókin bls. 23). Það er því verðugt verkefni að skoða hvernig við lærum „réttu hegðun“ og „rétt hlutverk“, hvað hefur svona sterk og mótandi áhrif á okkur. Með því að rannsaka, kanna og spyrja út í þessi mál er vonast til að nemendur geri uppgötvanir sem leiði til aukins umburðarlyndis, að þeir átti sig á að það er hreint ekki sjálfgefið að kynhlutverkin henti öllum. Það á að vera sjálfögð og eðlileg krafa að fólk njóti frelsis til að vera það sjálft og finni sinn eigin farveg án þess að verða fyrir fordómum, fyrirlitningu og þrýstingi sem allt getur haft skelfilegar afleiðingar.

En um leið og fjallað er um þessi alvarlegu málefni er bókinni ætlað að vera skemmtileg. Það er ekki síður mikilvægt að nemendur, jafnt sem kennarar, hafi gaman af að velja þessum málum fyrir sér, að þeir sjái einnig skoplegu hliðarnar á málunum og skemmti sér við að snúa hlutunum á allar hliðar eins og gert er í bókinni. Með því að draga fram það broslega við kynhlutverkin, og kynbundið gildismat, er vonast til að umræðurnar verði léttari og hugmyndaflugið fái byr undir báða vængi. Öll mál hafa fleiri en eina hlið.

\* Jafnréttishandbókin. Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir. Námsgagnastofnun. Reykjavík. 2000.

## II. VINNUBRÖGÐ OG AÐFERÐIR

Eins og áður segir þá snýst þetta þemahefti í lífsleikni um að kanna jafnrétti út frá kynferði og kynhlutverkum. Í *Aðalnámskrá grunnskóla – Lífsleikni* (1999) segir m.a. að byggja skuli upp alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Efla þurfi færni nemandans til samskipta, tjáningar, sjálfsþekkingar og þess að færa rök fyrir máli sínu og setja sér markmið. Jafnframt segir að rækta þurfi hæfileika nemenda til sköpunar og til að sýna frumkvæði og aðlögunarhæfni í síbreytilegum veruleika (bls.6–7).

Lögð er áhersla á að nemendur rannsaki viðfangsefni sín með því að beita virkum kennsluáðferðum. Þeir þurfa að rýna í hvers kyns fjölmiðla, kynna sér umfjöllun um efnið á vefsíðum, taka viðtöl við fólk sem víðast, skoða í eigin barm, fylgjast með athöfnum fólks og taka afstöðu til málefna. Nemendur vinna ýmist einir sér, tveir og tveir saman eða í hópum.

### Úrklippubók – einstaklingsvinna

Lagt er til að nemendur kaupi úrklippubók, sem er ekki með línustrikuðum pappír, því hún á að vera öðruvísi en venjulegar verkefnabækur. Þeir geta einnig útbúið úrklippubók og eru blöðin þá úr sams konar pappír og er í úrklippubókum og kápan nokkru þykkari. Í þessa bók fer það sem hver og einn gerir í tengslum við þetta nám. Hugmyndir að verkefnum fylgja í kjölfar lýsinga á inntaki hvers texta.

### Rannsóknarblaðamennska – hópvinna

Nemendur vinna hópverkefni og eru þá í hlutverki rannsóknarblaðamanna sem vinna á viðfrægu dagblaði. Þeir velja sér viðfangsefni sem þeir eiga að kanna frá ýmsum sjónarhornum (sjá nánar lýsingu á hópverkefni, [fylgiskjal 1.1](#)). Í tengslum við þetta má hafa eftirfarandi í huga:

- Dagblaðið þarf að vera í fremur stóru broti, t.d. A3–A2, og heppilegast er að nemendur ákveði stærðina í samráði við kennara. Hver hópur fær eina síðu til umræða.
- Skemmtilegt er að hafa hugmyndasamkeppni um nafn á dagblaðinu.
- Það skiptir máli að leyfa nemendum að velja sér viðfangsefni (sjá nánar valblað, [fylgiskjal 1.2](#)), það eykur áhuga og eflir ábyrgðarkennd.
- Gott er að vera með sýnishorn af bæði íslenskum og erlendum dagblöðum til að ýta undir hugmyndaflug um útlit og frágang.

### III. VIÐFANGSEFNI BÓKARINNAR OG VERKEFNI

Hér á eftir fer örstutt umfjöllun um textana í bókinni og fylgja með hverjum tillögur að verkefnum sem nemendur vinna í úrklippubækur sínar. Þeir geta leitað upplýsinga tveir og tveir saman en hver og einn skráir niðurstöður í eigin bók. Lagt er til að allir nemendur vinni fyrsta verkefnið áður en þeir fá námsbókina í hendur. Í verkefninu eiga þeir að gera grein fyrir því um hvað þeir telji að jafnréttismál snúist. Í lok bókarinnar skrifa nemendur aftur svipaða hugleiðingu. Á þennan hátt geta þeir borið hugmyndir sínar í upphafi saman við það sem þeim finnst að leiðarlokum og séð það „svart á hvítu“ hvernig viðhorf manna til mála geta breyst með því að fá tækifæri til að kynna sér þau frá ýmsum sjónarhornum.

#### 1. Verkefni í upphafi

Nemendur skrifa stutta hugleiðingu í úrklippubók sína með því að ljúka við eftirfarandi setningu:

„Ég held að kynjaumræðan snúist um ...“

#### 2. Þótti frásögn Rauðhettu tortryggileg – bls. 2

Umfjöllunarefni: [Kynferðislegt ofbeldi](#)

Kjarninn í þessum texta er það viðhorf að þegar eitthvað slæmt hendir stelpur þá sé það í raun þeim sjálfum að kenna. Það var eitthvað í fari þeirra eða klæðnaði sem bauð hættunni heim.

##### Verkefni

- ✘ Spyrja nemendur hvað þeir haldi að textinn fjalli um.
- ✘ Finna frétt/ir í dagblaði um eitthvert hliðstætt efni.
- ✘ Taka viðtal við ungt fólk um viðhorf til þess sem textinn fjallar um.
- ✘ Fá fulltrúa frá Stígamótum í heimsókn til að ræða málin. Nemendur undirbúi spurningar fyrir heimsóknina.

#### 3. Kynjaleikurinn – bls. 3, 5, 9 og 15

Umfjöllunarefni: [Saga kvennabaráttunnar](#)

Kynjaleikurinn er í nokkrum hlutum og segir sögu jafnréttisbaráttunnar í tímans rás. Í honum má sjá hversu hart konur hafa þurft að berjast fyrir því að öðlast sjálfsgöð mannréttindi.

##### Verkefni

- ✘ Finna ártölin í kynjaleiknum og útbúa tímaás (í máli og myndum).
- ✘ Myndskreyta kynjaleikinn – útbúa teiknimyndasögu.
- ✘ Finna fyrstu karlana sem hasla sér völl á hefðbundnum kvennavettvangi.
- ✘ Búa til íþróttalýsingu þar sem karlar keppast við að verða jafngildir og konur á hefðbundnum kvennavettvangi, svo sem á heimili og í leikskólum.

#### 4. Jón Jónsson athafnamaður – minning – bls. 4

Umfjöllunarefni: [Karlhlutverkin](#) og [karlmennskan](#)

Þessi texti fjallar um þær kröfur sem gerðar eru til karlanna um að komast áfram í samfélaginu, að ná árangri í starfi og leik, og að oft sé það dýru verði keypt.

##### Verkefni

- ✘ Reynslunni ríkari – Taka viðtal/viðtöl við eldri borgara um hvort þeir vildu breyta einhverju í lífi sínu í ljósi reynslunnar.
- ✘ Reynslunni ríkari – Taka viðtal/viðtöl við fólk sem hefur lent í lífsháska (vegna slyss eða sjúkdóma) um hvort gildismat þeirra um hvað skiptir mestu máli í lífinu hefur breyst í ljósi reynslunnar.

#### 5. Barbie og Ken – sápuópera – bls. 6

Umfjöllunarefni: [Kynhlutverkin](#) og [samfélagskröfurnar](#)

Í þessari sögu er sjónum beint að því hve leikföng barnanna geta verið viðhorfamótandi. Barbie og Ken eru jafnframt ýktir fulltrúar hefðbundinna staðalmynda af kynjunum og er vakin athygli á því hversu erfitt það er að verða að rísa undir væntingunum. Þá er börnum frá unga aldri innrætt með leikföngum af þessu tagi að flott útlit, að tolla í tískunni, sama hvað það kostar, og að eignast allt það nýjasta og flottasta skipti meginmáli.

##### Verkefni

- ✘ Rannsaka einhverja tegund leikfanga út frá þessu sjónarhorni. Gera könnun á leikfangabæklingum og auglýsingum. Kanna hvort fram kemur hvort leikföng eru eingöngu ætluð öðru kyninu og þá hver munurinn er á stelpu- og strákadóti. Kanna hvort annað kynið er virkara en hitt í leikjum sínum og hvort bæði kynin eru í þægilegum fötum sem óhætt/gott er að leika sér í.
- ✘ Taka/finna viðtal við þekkta persónu um hvort hún finni fyrir kröfum um útlit og hegðun.
- ✘ Útbúa lista yfir það sem nemandi finnst að bara strákar megi/geti/vilji gera. Þeir geri sams konar lista um stelpur og svo það sem þeim finnst að allir megi/geti/vilji gera. Hugmyndir nemenda má síðan skrá á stórt veggspjald og láta þá t.d. bera þær saman í litlum hópum eða þá allur bekkurinn saman.

Dæmi um skráningu:

Hvað megum við – getum við – viljum við – GERA?

Bara strákar ...	Allir ...	Bara stelpur ...



## 6. Norðurlandamet kvennalandsliðsins í hringormatíslu – bls. 9

Umfjöllunarefni: Íþróttir, keppnir og kynjamunur

Þessum texta er ætlað að beina athyglinni að íþróttum og tómstundastarfi og hvort jafnrétti ráði áherslum og fjármagnsstreymi eða hvort sanngirni sé gætt.

### Verkefni

- ✘ Velta fyrir sér hugtakinu „jafnrétti“. Er víst að jafn réttur sé það sem við viljum? Jafnrétti getur þýtt að allir hafi rétt til að vera með í fótboltanum en sanngjarnara gæti talist að bjóða öllum að leika sinn uppáhaldsleik.
- ✘ Bera saman áherslur íþróttafélagsins í hverfinu og áhuga nemendanna í bekknum. Geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi? (Sjá leiðbeiningar í fylgiskjali 2.)
- ✘ Kanna hversu mikla umfjöllun annars vegar karlaíþróttir og hins vegar kvennaíþróttir fá í fjölmiðlum. Hér má mæla dálkasentímetra og/eða setja upp tölfræðilega.

## 7. Haraldur Hallsson húsfaðir – minning – bls. 10

Umfjöllunarefni: Kynhlutverk brotin upp

Þessi texti fjallar um það þegar fólk brýtur aldagamlar hefðir.

### Verkefni

- ✘ Er munur á því þegar karlar ryðja brautina og hasla sér völl á hefðbundnum starfsvettvangi kvenna eða þegar konur gera slíkt hið sama á hefðbundnum starfsvettvangi karla?
- ✘ Semja minningargrein þar sem kona brýtur aldagamlar hefðir.
- ✘ Leita heimilda um sambærilegt efni.

## 8. Tvær ofurhetjur – bls. 11–12

Umfjöllunarefni: Karlofurhetja og kvenofurhetja

Þegar konur eru ofurhetjur í teiknimyndum þá eru þær það á hefðbundnu verksviði karla. Hér er hefðbundið verksvið kvenna sett í sams konar búning til að varpa ljósi á að þar er einnig verið að fást við mikilvæg viðfangsefni.

### Verkefni

- ✘ Hvernig eru ofurhetjur nútímans, karlar og konur? Athuga teiknimyndasögur og kvikmyndir.
- ✘ Hvernig eru ofurhetjurnar í tölvuleikjunum, karlar og konur?

## 9. Fleiri ofurhetjur – bls. 13

Umfjöllunarefni: Hinar raunverulegu ofurhetjur

Hetjurnar í raunveruleikanum standa okkur svo nálægt að við komum ekki alltaf auga á þær.

### Verkefni

- ✘ Hvað gerir mamma fyrir mig sem lætur mér líða vel?
- ✘ Hvað gerir pabbi fyrir mig sem lætur mér líða vel?
- ✘ Hvað geri ég fyrir aðra svo þeim líði vel?
- ✘ Nemendur skrifa hjá sér hugsanlegar afleiðingar af eftirfarandi:

Mamma er farin í verkfall!  
Pabbi er farinn í verkfall!

Hvaða áhrif hefur það á heimilið?

## 10. Gunnar á Hlíðarenda – bls. 14

Umfjöllunarefni: [Hetjuskapur eða karlmennska](#)

Hvað er karlmannlegt og hvað er ekki karlmannlegt? Um það snýst þessi texti, þ.e. um karlmennskuímyndina.

### Verkefni

- ✘ Taka viðtal við t.d. tvo karlmenn á mismunandi aldri um hvað þeim finnst vera karlmannlegt. Nefna nokkur dæmi sem þeir þurfa að taka afstöðu til.
- ✘ Taka viðtal við t.d. tvær konur á mismunandi aldri um hvað þeim finnst vera karlmannlegt. Nefna nokkur dæmi sem þær þurfa að taka afstöðu til.

## 11. Tungumálið – hvernig tölum við? – bls. 16–17

Umfjöllunarefni: [Maður – kona. Er kona maður?](#)

Hér er verið að vekja athygli á því hversu karllægt tungumálið er.

### Verkefni

- ✘ Finna nokkur dæmi um störf sem eru í karlkyni og snúa þeim yfir í kvenkyn. Reyna að búa til ný heiti ef þarf.
- ✘ Finna nokkur dæmi um störf sem eru í kvenkyni og snúa þeim yfir í karlkyn. Reyna að búa til ný heiti ef þarf.
- ✘ Finna sambærilegan texta og breyta honum á svipaðan hátt.

## 12. Ævintýrið er ekki úti – einstök heimsókn í höllina til Öskubusku og prinsins – bls. 18–19

Umfjöllunarefni: [Heimilisverkin og kynbundið uppeldi](#)

Konur hafa tilhneigingu til að taka öll heimilisverkin að sér, þær hafa alist upp við að þau séu á ábyrgð kvenna. Og þær eru ekki alltaf reiðubúnar að treysta öðrum fyrir þeim. Um það fjallar þessi grein.

### Verkefni

- ✘ Gera úttekt á hlutverkaskiptingu á eigin heimili. Merkja við á gátlista (sjá [fylgiskjal 5](#)) hver gerir hvað, hvenær og hversu oft.
- ✘ Gera úttekt á hlutverkaskiptingu á t.d. tveimur heimilum, þar sem húsráðendur eru á ólíkum aldri. Biðja þá að merkja við á gátlista.
- ✘ Taka viðtal við mömmu og ömmu (langömmu) um hlutverkaskiptingu á heimilinu.

### 13. Tilfinningamarkaður Íslands – bls. 20–21

Umfjöllunarefni: [Gildismatið gæti verið öðruvísi](#)

Með því að skrá gengi tilfinningalífsins á verðbréfamarkað í stað fyrirtækja er verið að vekja nemendur til umhugsunar um vægi tilfinninga og hvort áherslur fjölmiðla og samfélagsins séu í samræmi við það sem máli skiptir í lífinu.

#### Verkefni

- ✘ Útbúa sitt eigið tilfinningalínurit í um það bil viku. Skrá í úrklippubókina hvaða tilfinningar ég finn fyrir (sjá nánar lista yfir tilfinningar, [fylgiskjal 4](#)).
- ✘ Kanna hvort og þá hvernig fjallað er um tilfinningar í fjölmiðlum.
- ✘ Nemandi segi frá atviki úr eigin lífi þar sem ekki var tekið tillit til filfinninga hans. Hvað fannst honum um það?:
  - a) Hvernig leið mér og hvers vegna?
  - b) Hvað gerði ég og hvers vegna?
  - c) Hefði ég getað brugðist öðruvísi við, hvernig?

### 14. Spegill, spegill – bls. 22–23

Umfjöllunarefni: [Fegurðarstaðlar og fegurðarsamkeppni](#)

Er hægt að treysta því sem spegillinn segir okkur? Í þessari sögu er verið að benda á hvernig ímyndaðar og/eða raunverulegar kröfur um útlit hafa áhrif á það sem við sjáum í speglinum.

#### Verkefni

- ✘ Horfa vandlega á sjálfan sig í spegli og skrifa (og teikna) nákvæma lýsingu á því sem maður sér.
- ✘ Horfa vandlega á sjálfan sig í spegli og skrifa (og teikna) lýsingu á því sem maður myndi vilja sjá.

### 15. Verkefni í lokin

- ✘ Nemandur skrifa stutta hugleiðingu í úrklippubók sína með því að ljúka við eftirfarandi setningu:

„Núna finnst mér að kynjaumræðan snúist um ...“

## IV. FYLGISKJÖL

1. Hópverkefni
  - 1.1. Lýsing á verkefni
  - 1.2. Kynleg viðfangsefni – listi yfir hópverkefni
  - 1.3. Eyðublað
2. Íþróttir og félagsstarf – verkefni
3. Að taka viðtöl – leiðarvísir
4. Listi yfir tilfinningar
5. Gátlisti yfir verkefni heimilisins
6. Saga kvennabaráttu – listi til fróðleiks



## Lýsing á verkefninu:

Þið eruð í hlutverki rannsóknarblaðamanna sem vinna á víðfrægu dagblaði.  
Þið fáið eftirfarandi viðfangsefni sem þið eigið að kanna frá ýmsum sjónarhornum:

---

Munið að þið eigið að skila niðurstöðum ykkar sem efni í dagblað.  
Hver rannsóknarhópur fær eina síðu til umræða.  
Dagblaðið er í nokkuð stóru broti A3–A2.  
Allur rannsóknarhópurinn (bekkurinn) þarf að koma sér saman um stærðina á blaðinu og ákveða nafn þess.  
Efninu á að skila bæði í máli og myndum (sem þið útbúið sjálf).  
Munið að það á að vera aðalfyrirsögn og millifyrirsagnir.  
Hafið íslensk og/eða erlend dagblöð til hliðsjónar í sambandi við útlit ykkar síðu.  
Í lokin þurfið þið að kynna niðurstöður ykkar fyrir öllum hópnum. Þið eigið ekki að lesa það sem þið hafið skrifað. Reynið heldur að vera frumleg og notið hugmyndaflugið ...!

**Munið að vanda vinnu ykkar.  
Gangi ykkur vel!**



## Kynleg viðfangsefni

Nafn: \_\_\_\_\_

Mig langar að fást við \_\_\_\_\_

Það skiptir mig meira máli **hvaða** verkefni ég fæ en með **hverjum** ég vinn.

Veldu þrjú verkefni sem þú hefur áhuga á að vinna. Merktu 1 við það sem þig langar mest til að vinna og síðan 2 og 3.

	Fyrirvinnukvöðin
	Fegurðarstaðlar
	Kynhlutverk
	Kynferðislegt ofbeldi
	Kynferði og íþróttir
	Kynferði og tilfinningar
	Tungumálið – eru konur menn?
	Ofurhetjur
	Verðmætamatið – hvaða störf eru mikilvægust í samfélaginu?



Dagsetning: \_\_\_\_\_

Í hópnum eru: \_\_\_\_\_

Verkefnið heitir: \_\_\_\_\_

Hvað langar ykkur mest til að spyrja um í sambandi við þetta verkefni?

---

---

---

---

---

---

---

---

Hvar haldið þið að best væri að leita upplýsinga, við hverja væri hægt að tala?

---

---

---

---

---

---

---

---

Hvernig langar ykkur til að kynna niðurstöður ykkar?

---

---

---

---

---

---

---

---



## Íþróttir og félagsstarf

Í þessu verkefni eiga nemendur að gera úttekt á íþróttafélaginu í hverfinu og skoða hvort sanngirni sé gætt hvað varðar fjármagnsstreymi og áherslur félagsins. (Einnig má skoða félagsmiðstöðina í hverfinu með sama hætti.)

### Safnið eftirfarandi upplýsingum:

1. Gerið lista yfir allar íþróttagreinar sem þið hefðuð áhuga á að leggja stund á og merkið við með x eða y eftir kyni þannig að hægt sé að skoða kynjamun.
2. Gerið lista fyrir bæði kynin og raðið í forgangs röð (fjölda merkinga).
3. Hvernig er fjármagninu skipt á milli íþróttagreina? (Ársskýrsla síðasta árs.)
4. Hvernig er tímanum í íþróttahúsinu skipt á milli íþróttagreina?
5. Gerið lista yfir íþróttagreinar eins og forgangs röðunin virðist vera hjá íþróttafélaginu.

### Skoðið eftirfarandi spurningar í fjögurra manna hópum:

Er mikill munur á áhuga nemenda og áherslum íþróttafélagsins?

---

Uppfyllir íþróttafélagið óskir beggja kynja jafnt?

---

Er einhver hópur sem verður algerlega útundan hjá íþróttafélaginu?

---

Ef svo er – hvers vegna haldið þið að svo sé?

---

Ef svo er – ætti sá hópur rétt á aðstöðu og fjármagni? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

---

Ræðið hvernig íþróttafélagið getur tryggt rétt allra þannig að sanngirni sé gætt?

---

---



## Að taka viðtöl – leiðarvísir

Það getur vafist fyrir mörgum að taka viðtal við bláókunnuga manneskju, hvort heldur það er í síma eða augliti til auglitis. Margs ber að gæta í þessu sambandi. En fyrst af öllu þarftu að athuga hvort viðkomandi manneskja vill tala við þig. Þegar þú gerir það skiptir miklu máli að sýna kurteisi. Það má t.d. byrja á því að bjóða góðan daginn, kynna sig með nafni, að þú sért nemandi í tilteknum skóla og segja síðan hvert erindi þitt er. Í langflestum tilvikum bregst fólk vel við beiðni um viðtal. Áður en þú hringir til að kanna hvort viðkomandi vill láta taka viðtal við sig, skaltu skrifa niður það sem nefnt er hér að ofan og annað það sem þú vilt segja við hann. Gott er að æfa sig fyrst á bekkjarfélagi eða einhverjum heima (til að taka úr sér mesta kvíðann).

Þegar þú undirbýrð viðtalið er ágætt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Skrifaðu niður allt það sem þér dettur í hug að hægt sé að spyrja viðkomandi manneskju um og það sem þig langar til að vita eða þarft að fá vitneskju um.
- Flokkaðu spurningarnar eftir efni þannig að þær „passi saman“.
- Raðaðu þeim síðan eftir því hvernig þú vilt að viðtalið gangi fyrir sig.
- Æfðu þig að taka viðtalið, allt eða að hluta, t.d. með bekkjarfélagi eða einhverjum heima áður en þú ferð til viðmælanda þíns.
- Bættu við þeim spurningum sem kunna að hafa kviknað í æfingaviðtalinu og/eða taktu þær út sem þér finnast vera ofaukið.
- Hreinskrifaðu spurningarnar.
- Taktu til segulbandstæki (myndbandsupptökuvél) eða pappír sem þú skráir svörin á (gott er að hafa stíft undirlag).
- Í viðtalinu geta fleiri spurningar vaknað en þær sem þú hefur skráð hjá þér. Notaðu þær líka.

Mundu að sýna viðmælanda þínum fyllstu kurteisi.

Þegar heim er komið þarftu að vinna úr viðtalinu. Úrvinnslan getur verið mjög fjölbreytileg. Hún getur verið í máli, myndum, sem leikræn tjáning eða þá allt þetta í senn. Sem dæmi má nefna:

- viðtal eins og þau eru í (glans) tímaritunum og þá mætti láta ljósmynd/ir eða teikni-mynd/ir fylgja
- viðtal eins og þau eru í dagblöðunum, myndskreytt ef vill
- frásögn, smásaga, leikrit, myndskreytt ef vill
- setja viðtalið á svið
- taka viðtalið upp á myndband og fá bekkjarfélagi til að leika viðmælandann
- ef þú tekur viðtölin upp á myndband getur þú búið til fréttu- eða sjónvarpsþátt úr þeim
- annað sem þér dettur í hug



## Listi yfir tilfinningarnar (ekki tæmandi)

GLEÐI  
UNDRUN  
ÓTTI  
REIÐI  
VIÐBJÓÐUR  
HRYGGÐ  
SÁTT  
KVÍÐI  
EFTIRVÆNTING  
VONBRIGÐI  
ÖRYGGI  
VÆNTUMÞYKJA  
MEÐAUMKUN  
ÁST  
SAMÚÐ  
HATUR  
HAMINGJA  
AFBRÝÐISEMI  
NIÐURLÆGING  
ÖFUND  
SAMKENND  
SORG

## GÁTLISTI YFIR VERKEFNI HEIMILISINS

### Dagleg störf:

- að vekja börnin á morgnana
- að greiða hár og þrifa trýni
- að finna til föt
- að búa um rúmin
- að sjá um morgunmat
- að smyrja nesti
- að ganga frá eftir morgunmat
- að kaupa í matinn
- að elda kvöldmat
- að þvo upp/setja í uppþvottavélina
- að ganga frá eftir kvöldmat
- að fara út með ruslið
- að fylgjast með heimanámi
- að fylgjast með hljóðfæraæfingum
- að keyra og sækja á æfingar
- að lesa fyrir börnin
- að svæfa börnin

### Hreinlæti og heilsa:

- að baða börnin
- að sjá um hárklippingu
- að klippa neglur
- umsjón með heilsufari og líðan barna
- umsjón með læknisheimsóknum barna
- umsjón með tannlæknisheimsóknum barna

### Föt og þvottur:

- að sjá um þvott á fötum
- að hengja upp þvott
- að strauja þvott

- að brjóta saman þvott
- að ganga frá þvotti í skápa
- umsjón með fatabirgðum og fatainnkaupum
- að gera við föt/sauma
- umsjón með búningagerð vegna t.d. öskudags

### Fjármál heimilisins:

- að afla tekna
- að halda utan um fjármálin
- að borga reikninga/bankaviðskipti
- að sjá um heimilisbókhald
- að sjá um skattframtalið

### Tengsl við annað umhverfi barnsins:

- tengsl við skóla og kennara barna
- foreldrafundir og foreldraráð
- umsjón með heimanámi
- umsjón með skólatösku og skólagögnum
- umsjón með íprótta- og tómstundastarfi barna
- samband við vini barna og foreldra þeirra

### Félagsleg tengsl og fjölskyldurækni:

- tengsl við fjölskyldu og vini
- umsjón með veisluhöldum
- umsjón með afmælisdögum og gjafa-kaupum

**Tiltekt og þrif:**

- að þurrka af
- að þurrka úr gluggakistum
- að þvo spegla
- að þvo glugga
- að viðra sængur
- að skipta á rúmum
- að sópa og skúra gólfín
- að ryksuga sófann
- að viðra púða og mottur
- að vökva blómin
- að umpotta blómunum
- að þrifa klósettið
- að þrifa baðið og vaskinn
- að skipta um klósettrúllu
- að skipta um handklæði

**Tilfallandi heimilisstörf:**

- að baka
- að sulta
- að taka slátur
- að búa til pasta
- að laga til í skápum og skúffum
- að þrifa ísskápinn
- að þrifa eldavel og bakaraofn
- að sortera og flokka dót
- að flokka og skila af sér flöskum og Sorpurusli
- að hengja upp myndir
- að skipta um perur
- að taka til og þrifa í bílskúr
- að taka til og þrifa í geymslu

**Ræktun og umhirða utandyra:**

- að rækta grænmeti
- að reita arfa
- að klippa trén
- að slá garðinn
- að ganga frá hjólum
- að fúaverja
- að sópa stétt
- að moka snjó

**Umsjón með viðhaldi og rekstri bíla og hjóla:**

- að þrifa bíl
- að gera við bíl
- að taka bensín á bíl
- að láta smyrja bíl
- að fara með bíl í skoðun
- að skipta um dekk
- að gera við hjól

**Viðhald og byggingarvinna:**

- að flísaleggja
- að mála
- að smíða
- að lagfæra rafmagn
- að lagfæra pípulagnir

**Ýmislegt:**

- umsjón með skipulagningu fría og ferðalaga
- umsjón með ljósmyndatöku, framköllun mynda og að raða í albúm
- umsjón með myndbandsupptökum
- umsjón með heimilistölvunni

## Í JAFNRÉTTISÁTT MERKIR ÁFANGAR Í SÖGU ÍSLENSKRAR KVENNABARÁTTU:

- 1850 Dætur öðlast rétt til **arfs** á við syni.
- 1861 Ógiftar konur fá **lögræðisrétt** en giftar konur eru eftir sem áður ólögráða.
- 1886 Konur fá takmarkaðan rétt til bóknáms.
- 1894 Hið íslenska kvenfélag stofnað.
- 1895 Kvennablaðið hefur göngu sína.
- 1897 Fyrsta konan **tekur stúdentspróf** frá Lærða skóla.
- 1900 Giftar konur fá rétt til að **ráða yfir eigin tekjum** og séreignum sínum.
- 1907 **Hið íslenska kvenréttindafélag** stofnað.
- 1908 **Kvennalistinn** býður fram til bæjarstjórnar Reykjavíkur.
- 1911 Konur fá rétt til embættisnáms, námsstyrkja og **embætta** á við karla.
- 1915 Konur yfir fertugu fá að **kjósa** til Alþingis.
- 1917 Fyrsta konan **lýkur háskólaprófi**.
- 1920 Konur fá **kosningarétt** á við karla.
- 1922 Kvennalisti boðinn fram á landsvísu.
- 1922 Fyrsta konan **kosin á Alþingi**.
- 1923 Konur fá sama rétt og eiginmenn þeirra til að ráða yfir **eignum bús síns**.
- 1961 Lög um **sömu laun** fyrir sömu vinnu sett á Alþingi.
- 1970 **Rauðsokkahreyfingin** stofnuð á Íslandi
- 1970 Fyrsta konan verður **ráðherra**.
- 1974 Fyrsta konan vígð **sóknarprestur**.
- 1975 Kvennafrídagurinn
- 1976 Fyrstu **lög um jafnrétti** kynjanna og jafnréttisráð tekur til starfa.
- 1980 Fyrsta konan kjörin **forseti Íslands**.
- 1982 **Kvennaframboðið** býður fram í Reykjavík og á Akureyri.
- 1983 **Samtök um Kvennalista** bjóða fram í Alþingiskosningum.
- 1990 **Rannsóknarstofa í kvennafræðum** stofnuð við Háskóla Íslands.
- 1994 Fyrsta konan kjörin **borgarstjóri í Reykjavík**.
- 1998 **Bríet**, félag ungra femínista, hefur göngu sína.
- 2000 Lög um **jafna stöðu og jafnan rétt** karla og kvenna.